

Nd.

351. Frumvarp til laga

[166. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verður 6. gr., svohljóðandi (tölusetning 6.—7. gr. breytist til samræmis):

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að gera með sér samning um að skólalald í samræmi við 1.—5. gr. þessara laga fari fram í fleiri sjálfstæðum skólastofnunum en einni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan fræðsluráðs Reykjavíkur. Aðdragandi málsins er rakinn í bréfi dags. 16. apríl 1980 frá fræðslustjóranum í Reykjavík til menntamálaráðuneytisins, en meginmál bréfsins er svohljóðandi:

„Á fundi fræðsluráðs í dag var að nýju lögð fram og rædd tillaga frá síðasta fundi varðandi stöðu Ármúlaskóla í fræðslukerfinu en tillagan ásamt greinargerð er lögð var fram með henni er svohljóðandi:

„Fræðsluráð Reykjavíkur leyfir sér hér með að fara þess á leit við hæstvirtan menntamálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að fá Ármúlaskólann í Reykjavík löggiltan sem sjálfstæðan fjölbrautaskóla á framhaldsskólastigi með því að hlutast til um, að á yfirstandandi Alþingi verði flutt og afgreitt frumvarp um það efni (breyting á lögum nr. 14/1973 um heimild til að stofna fjölbrautaskóla).

Greinargerð.

Ármúlaskólinn í Reykjavík er nú þegar orðinn einn stærsti fjölbrautaskóli landsins, en þar eru á yfirstandandi skólaári um 600 nemendur á framhaldsskólastigi.

Á s. l. ári var grunnskólahald í skólanum lagt niður með því að hætt var að láta nemendur úr 9. bekk Breiðholtsskóla sækja þangað, en í stað þess bætt við skólann verslunardeildum á framhaldsskólastigi er áður höfðu sótt Laugalækjar-skóla. Jafnframt var skipulag framhaldsnámsins í Ármúlaskóla samræmt skipulagi Fjölbrautaskólans í Breiðholti og skólinn látinn heyra undir þann skóla, þar sem lagaheimild þótti skorta til að gera Ármúlaskólann að sjálfstæðri skólastofnun á framhaldsskólastigi (fjölbrautaskóla). Var þá búist við að frumvarp til laga um framhaldsskóla sem þá lá fyrir Alþingi yrði fljótlega lögfest og að Ármúlaskólinn þyrfti því ekki lengi að búa við að fá ekki viðurkenningu sem sjálfstæður skóli. Þar sem ennþá virðist allt í óvissu um hvenær afgreidd verða lög um framhaldsskóla telur fræðsluráð Reykjavíkur óviðunandi að lengur dragist að Ármúlaskólinn verði viðurkenndur sem sjálfstæður fjölbrautaskóli og óskar því eindregið eftir að sú skipan verði lögfest á yfirstandandi Alþingi.“

Við afgreiðslu málsins lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svofellda bókun: „Fram hefur komið, að samband og samskipti Fjölbrautaskólans í Breiðholti og útibúsins í Ármúlaskóla hefur verið lítið annað en formið eitt. Verður ekki séð að það hafi þjónað neinum kennslufræðilegum tilgangi eða orðið til þess að auka möguleika Ármúlaskólans sem fjölbrautaskóla. Að því leyti til er enginn sérstakur ávinningur að halda sambandi framangreindra skóla.

Hins vegar verður ekki komist hjá að vekja athygli á, að stærð Ármúlaskólans er langt undir því marki sem talið hefur verið nauðsynlegt til þess að um raunverulegan fjölbrautaskóla sé að ræða og eru þó 23% nemenda utanbæjarnemendur. Þá verður í þessu sambandi ekki komist hjá að tengja málefni Iðnskólans, Vörðuskólans og Kvennaskólans framtíðarskipan Ármúlaskóla. Nú standa yfir athuganir á húsnæðismálum og framtíðarskipulagi Iðnskólans og hlýtur að þurfa að skoða þau mál í sambengi við málefni Ármúlaskólans og á hvern hátt samræming á kennsluframboði þessara tveggja skóla getur átt sér stað. Slík samræming getur orðið til þess að komist verði hjá kostnaðarsamri uppbyggingu við þessa tvo skóla.

Með hliðsjón af framansögðu getum við samþykkt tillögu formanns, enda verði þess gætt við lagasetningu að ekki verði lokað fyrir þá samræmingu sem að framan getur og höfð verði til hliðsjónar þau rök og þær forsendur sem færð voru fram við fyrri hugmyndir um Fjölbrautaskóla Austurbæjar.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lög nr. 14/1973, með breytingu samkvæmt lögum nr. 21/1977, eru þannig orðuð, að næst liggur að líta þannig á að heimild til stofnunar fjölbrautaskóla í Reykjavík sé bundin við eina sjálfstæða skólastofnun, og fjalla 1.—5. gr. laganna um þann skóla. Í 6. gr. ræðir um heimild til að koma fjölbrautaskólahaldi á viðar, en kostnaðarákvæði eru þar að nokkru með öðrum hætti.

Með ákvæðum þessarar greinar eru tryggðar skýrar lagaforsendur til að fjölbrautaskólar í Reykjavík geti verið fleiri en einn, ef ríki og borg telja þá skipan henta og gera um það samning.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.